

101 gefur einni dóttur sinni, auk erfðahluta hennar að lögum, hálfá jörð, svo framarlega, sem 19. ágúst. verð hennar ekki yfirstigi fjórðung úr búi hans, en að dóttirin að öðrum kosti skuli greiða meðerfingjum sínum mismuninn, og ákveður, að allt sem hún erfir, skuli undanþegið umráðum manns hennar, og að fasteignin eigi megi seljast, en að afganginu skuli beinlínis undir umsjón fjárhaldsmanns eða yfirfjárráðanda, varið eingöngu handa henni eða börnum hennar.

Í tilefni af þessu skal jeg, um leið og jeg endursendi frumrit arfleiðsluskrárinnar, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að hin umsótta staðfesting getur eigi orðið veitt, þar sem ráðgjafinn verður að vera yður samdóma um, að ákvarðanir arfleiðsluskrárinnar, að því er fjórðungsgjöfina snertir, sjeu í sjálfu sjer lögum samkvæmar og þurfi því ekki konungsstaðfestingar, en að hinu leytnu sje eigi heimild til í hinum íslenzku erfðalögum að veita ákvörðunum arfleiðsluskrárinnar slíka staðfestingu, að svo miklu leyti sem þær eiga að ná til erfðahlutans í heild sinni.

102 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hvort toll eigi að heimta 21. ágúst. af bramalífselixir og bitter. — Að partil gefnu tilefni frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu og hinum umboðslega endurskoðanda, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 24. maí þ. á., lagt undir úrskurð ráðgjafans, hvort toll eigi að krefja af bitter, bramalífselixir og yfir höfuð lagartegundum, sem vafi getur leikið á, hvort geti kallazt áfengir drykkir, um leið og þjer, til þess að sýna skilning yðar á þessu máli, bendið á álit það, er þjer, sem settur amtmaður í suðuramtinu og vesturamtinu, ljetuð uppi í þessu efni, og sem fylgdi nefndu brjefi yðar.

Út af þessu skal eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn er alveg á sömu skoðun og þjer um, að eins og allar lagartegundir, sem ætlaðar eru til drykkjar, ekki geta álitizt tollskyldar einungis af þeirri ástæðu, að þær innihalda vínanda, heldur þurfi það að bæstast við, að lagartegundin heyri undir einhverja þá drykkjartegund, sem gjald er lagt á í lögum 7. nóv. 1879 1. gr. : 1, öl ; 2, brennivín eða vínanda ; 3, rauðvín og messuvín ; 4, öll önnur vínföng — þannig sje ekki hægt fyrirfram að gefa reglur fyrir, hvað eigi að heimfæra undir hverja af þessum drykkjartegundum, en að úrslitin verði að vera kominn undir því, að því er snertir brama-lífs-elixír og bitter, sem ekki heyra undir neinn af þremur hinum fyrsttöldu lagartegundaflokkum í lögunum, hvort þjer geti talizt til þess, sem í lögunum er nefnt »vínföng«, og verður því að neita um brama-lífs-elixír, en um bitter er allt undir því komið, hvort hann er tilbúinn til drykkjar óblandaður, sem »bittersnaps«, þannig að aðalefnið í honum er brennivín eða vínandi, eða hann er tilbúinn sem »bitteressens«, til þess að blandast í smáskömmtum saman við brennivín, því að í fyrra tilfellingunni er hann tollskyldur, í hinu síðara ekki.

103 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um löggildingu nýrrar 25. ágúst. sálmabókar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi með fylgiskjölum frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann fer þess á leit, að aukin og endurbætt sálmabók, sem nefnd sú, er hann skipaði 1878, hefur gefið út, megi við hafast við guðsþjónustu í kirkjum og heimahúsum á Íslandi, þar sem prestar og söfnuðir koma sjer saman um það, og hafið þjer mælt með því, að hin umbeðna löggilding verði veitt.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar, sjerstaklega fyrir biskupnum, að hina umgetnu endurbættu sálmabók má innleiða, til að viðhafa við guðsþjónustu í kirkjum og heimahúsum á Íslandi, hvervetna þar sem prestar og sófnuðir koma sjer saman um það. **103** 25. ágúst.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sölu hegningarhússins á Húsavík. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. júní þ. á., samþykki jeg hjermeð boð það, 600 kr., sem Stefán búfræðingur Stefánsson frá Fagraskógi, í fjelagi við annan mann, hefur gjört í fanga-húsið á Húsavík, þannig að helmingur kaupverðsins greiðist þegar kaupandanum er lát-ið í tje afsalsbrjef fyrir húsinu, en hinn helmingurinn geti, ef kaupandi æskir þess, staðið 1 ár gegn veði í hinnu seldu húseign og lagavöxtum. **104** 28. ágúst.

Brjef landshöfðingja til hjeraðslæknisins í 13. læknishjeraði, út af fyrirspurn viðvíkjandi borgun fyrir eptirlit með heilbrigðisástandi vesturfara. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra hjeraðslæknir, skýrt frá, að gufuskipið Camoens hafi komið á Vopnafjörð 8. s. m., til þess að taka vesturfara fyrir Allánlínuna, en að umboðsmaður hennar, Sigfús Eymundsson, hafi neitað að greiða yður hið lögá-kveðna gjald, fyrir að hafa eptirlit með heilbrigðisástandi umgetinna vesturfara, og hafið þjer spurzt fyrir um, hvort þjer eigið ekki heimtingu á áminnstu gjaldi, og ef svo er, hvar þjer eigið að leita rjettar yðar. **105** 30. ágúst.

Út af þessu vil jeg tjá yður, að eptir fyrirsmælum 8. gr. í lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig af landi í aðrar heims-álfur, skulu, áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, bæði skipverjar og far-þegar rannsakaðir af lækni, sem lögreglustjórinn fær til þess, og eptir 9. gr. sömu laga ber hlutaðeigandi lækni 20 kr. þóknun fyrir slíka rannsókn. Þessum lagafyrirmælum virðist fullnægt með því, að hin fyrirskipaða rannsókn fari fram á þeirri höfn, er út-flutningaskip fer síðast frá, þá er það leggur á stað frá Íslandi, en þar sem gufuskipið Camoens í þeirri ferð sinni, sem hjer ræðir um, kom á Seyðisfjörð og tók þar vestur-fara eptir að það hafði komið á Vopnafjörð, og þannig lagði af stað alfarið frá Seyðis-firði en ekki frá Vopnafirði, þá bar umboðsmanni Allánlínunnar ekki skylda til að láta rannsaka heilbrigði skipverja og farþega fyr en á Seyðisfirði. Það þjer heldur ekki hafið fært sönnur á, að yður hafi verið falið af hlutaðeigandi lögreglustjóra að fram-kvæma optnefnda rannsókn, nje að þjer í raun og veru hafið litið eptir heilbrigði vest-urfara þeirra, er fóru frá Vopnafirði, þá fæ jeg ekki sjeð að þjer eigið neitt tilkall til borgunar þeirrar, sem framanneft erindi yðar hljóðar um.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvalda Íslands um lán til kirkjubyggingar. **106** — Út af þóknanlegu brjefi hinna heiðruðu stiptyfirvalda, dags. 24. þ. m., og bónar-brjefi því, frá prófasti sjera Páli Ólafssyni á Prestsbakka, er því fylgdi, veiti jeg hjer með Staðar prestakalli í Hrutafirði 600 kr. lán úr landssjóði til kirkjubyggingar á Stað, þannig að lán þetta verði ávaxtað með 4% árlega og endurborgað á næstu 10 árum, með 60 kr. á ári hverju. **106** 30. ágúst.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um linnu **107** 30. ágúst.